

Greiðsluafkoma ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins 2001

Nú liggja fyrir tölur um afkomu ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins. Uppgjörð hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisfirlit. Tölurnar eru því ekki sambærilegar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Heildaryfirlit

Fyrstu tíu mánuði ársins var handbært fé frá rekstri neikvætt um 1,2 milljarða króna, samanborið við 10,4 milljarða króna jákvæða stöðu í fyrra. Heildartekjur ríkissjóðs hækka um tæplega 12,5 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, einkum vegna aukinnar innheimtu tekjuskatta. Útgjöld hækka hins vegar um 24 milljarða króna, eða 15,2%. Þar munar mestu um áhrif kjarasamninga og gengisþróunar eða um 6 milljörðum króna. Greiðslur til fæðingarorlofssjóðs námu 2 milljörðum og hækku framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nam 1,8 milljörðum króna. Þá nemur hækkun vaxtagreiðslna um 1,2 milljörðum, sérstakar greiðslur til öryrkja nema 1,3 milljörðum króna, 1 milljarður stafar af auknum greiðslum til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga. Þá voru 0,8 milljarðar nýttir til uppkaupa á fullvirðisrétti bænda. Rétt er að vekja athygli á að hluti af þessari hækkun kemur ekki til gjalda á rekstrargrunni á þessu ári.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2001 Í milljónum króna

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>
Innheimtar tekjur.....	132.616	152.822	168.973	181.448
Greidd gjöld.....	131.227	141.940	158.594	182.677
Handbært fé frá rekstri.....	1.389	10.882	10.379	-1.231
Fjármunahreyfingar.....	4.975	3.039	-495	-882
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	6.364	13.921	9.883	-2.114
Afborganir lána.....	-25.086	-26.289	-34.117	-22.294
Innanlands.....	-15.272	-12.887	-20.583	-7.490
Erlendis.....	-9.814	-13.402	-13.534	-14.804
Greiðslur til LSR og LH.....	0	-2.639	-5.000	-11.250
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-18.721	-15.007	-29.230	-35.660
Lántökur.....	18.001	9.601	28.710	64.105
Innanlands.....	20.834	-2.994	6.967	12.279
Erlendis.....	-2.832	12.595	21.743	51.826
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-720	-5.404	-522	28.448

Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 2,1 milljarð króna sem er tæplega 12 milljörðum króna lakara en í fyrra. Skýringin er, auk þess sem áður er nefnt, að á árinu 2000 komu til greiðslu 5,5 milljarðar króna vegna sölu á hlutabréfum í ríkisbönkunum á árinu 1999. Á fyrstu tíu mánuðum þessa árs var auk þess greiddur 10½ milljarður króna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að grynna á framtíðarskuldbindingum ríkissjóðs, en samkvæmt fjárlögum 2001 er áformað að greiða til hans 15 milljarða.

Tekjur

Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmlega 181 milljarði króna á fyrstu tíu mánuðum ársins. Hækkunin milli ára nemur 12,5 milljörðum, eða 7,4%. Skatttekjur hækka um svipað hlutfall. Til samanburðar má nefna að hækkun skatttekna á sama tíma í fyrra nam tæplega 11% og 16% árið þar á undan.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október 2001 Í milljónum króna

	Breyting frá fyrra ári, %						
	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>
Skatttekjur í heild.....	122.277	141.786	157.170	168.632	16,0	10,9	7,3
Skattar á tekjur og hagnað.....	30.425	36.444	44.073	53.397	19,8	20,9	21,2
Tekjuskattur einstaklinga.....	24.865	29.474	33.976	39.782	18,5	15,3	17,1
Tekjuskattur lögaðila.....	3.589	4.787	5.789	7.867	33,4	20,9	35,9
Skattur á fjármagnstekjur.....	1.971	2.183	4.308	5.748	10,8	97,3	33,4
Tryggingagjöld.....	13.388	14.316	15.555	17.468	6,9	8,7	12,3
Eignarskattar.....	5.898	6.270	7.670	8.422	6,3	22,3	9,8
Skattar á vöru og þjónustu.....	72.305	84.398	89.445	88.997	16,7	6,0	-0,5
Virðisaukaskattur.....	44.738	52.845	57.927	58.308	18,1	9,6	0,7
Aðrir óbeinir skattar.....	27.567	31.553	31.518	30.688	14,5	-0,1	-2,6
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	3.936	5.000	4.411	2.611	27,0	-11,8	-40,8
Vörugjöld af bensíni.....	5.744	6.166	6.462	6.294	7,3	4,8	-2,6
Þungaskattur.....	3.198	3.578	3.660	3.952	11,9	2,3	8,0
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR	6.336	6.855	7.149	7.030	8,2	4,3	-1,7
Annað.....	8.353	9.954	9.836	10.801	19,2	-1,2	9,8
Aðrir skattar.....	261	251	427	348	-3,8	70,1	-18,5
Aðrar tekjur.....	10.341	11.036	11.803	12.817	6,7	6,9	8,6
Tekjur alls.....	132.618	152.822	168.972	181.448	15,2	10,6	7,4

Aukin innheimta skatta á launa-, fjármagnstekjur og hagnað einstaklinga og fyrirtækja skýrir að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs frá fyrra ári. Samanlagt eru skattar á tekjur og hagnað ásamt tryggingagjaldi tæplega 8,5 milljörðum króna umfram áætlun. Eignarskattar eru rúmlega 300 milljónum umfram áætlun.

Þróun veltuskatta er á annan veg, en þeir lækka um tæplega ½ milljarð króna frá sama tíma í fyrra og eru rúmlega 6 milljörðum undir áætlun. Þessi þróun endurspeglar áfram umtalsverðan samdrátt að raungildi milli ára, eða sem nemur rúmlega 6%. Sem fyrr má einkum rekja þessa þróun til verulegs samdráttar í neysluútgjöldum milli ára, ekki síst kaupum á bílum og ýmsum varanlegum neysluvörum, svo sem heimilistækjum. Sem dæmi má nefna að vörugjöld af innflutningi bifreiða hafa lækkað um 40% milli ára, eða sem nemur 1,8 milljörðum króna. Vörugjöld af bensíni lækka einnig milli ára, eða um 2,6%. Virðisaukaskattur hækkar lítillega í krónum talið frá sama tíma í fyrra, en dregst saman um rúmlega 5% að raungildi.

Þegar á heildina er litið eru tekjur ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins rúmlega 2½ milljarði króna umfram áætlun fjárlaga.

Gjöld

Heildargreiðslur ríkissjóðs námu 182,7 milljörðum króna fyrstu tíu mánuði ársins. Gjöldin hækka um 24 milljarða frá fyrra ári og vega þar sjö tilefni þyngst, sbr. umfjöllun í yfirlitskaflanum hér að framan.

Gjöld ríkissjóðs janúar-október 2001
(Í milljónum króna)

	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	Breyting í %	
				<u>1999-2000</u>	<u>2000-2001</u>
Almenn mál.....	15.714	17.856	18.686	13,6	4,6
Almenn opinber mál.....	8.825	10.014	10.686	13,5	6,7
Löggæsla og öryggismál.....	6.888	7.843	8.004	13,9	2,1
Félagsmál.....	87.831	95.428	110.589	8,6	15,9
Þar af: Fræðslu- og menningarmál...	18.830	20.449	23.561	8,6	15,2
Heilbrigðismál.....	36.163	40.341	45.250	11,6	12,2
Almannatryggingamál.....	27.890	29.034	35.245	4,1	21,4
Atvinnumál.....	23.581	24.867	29.071	5,5	16,9
Þar af: Landbúnaðarmál.....	7.087	7.146	8.757	0,8	22,5
Samgöngumál.....	10.394	11.373	13.006	9,4	14,4
Vaxtagreiðslur.....	9.528	14.683	15.910	54,1	8,4
Aðrar greiðslur.....	5.285	5.756	8.421	8,9	46,3
Greiðslur alls.....	141.940	158.595	182.677	11,7	15,2

Almenn mál. Útgjöld til almennra mála, hækka um rúmar 800 m.kr. eða 4,6% milli ára. Af einstökum hækkunartilefnum munar mestu um kaup á nýjum upplýsingakerfum ríkisins en um 450 m.kr. eru komnar til greiðslu vegna endurnýjunar kerfanna. Þá hækka greiðslur til utanríkisþjónustunnar um 440 m.kr. milli ára eða 17%, sem skýrist að miklu leiti af gengislækkun íslensku krónunar. Á móti vegur að greiðslur vegna æðstu stjórnar ríkisins lækka um tæpar 400 m.kr., m.a. vegna þess að á síðasta ári urðu töluverð útgjöld vegna 1000 ára afmælis kristnitökunnar sem ekki koma til í ár. Greiðslur löggæslu- og öryggismála hækka aðeins um 2% eða 160 m.kr. í heild, þrátt fyrir 700 m.kr. hækkun til reksturs löggæslu og dómstóla þar sem á móti vegur 750 m.kr. lækkun á greiðsluþörf Ofanflóðasjóðs til byggingar snjóflóðavarnargarða.

Félagsmál. Um 60% af útgreiðslum á tímabilinu runnu til ýmissa félagsmála, svo sem fræðslu- menningar-, heilbrigðis- og tryggingamála. Útgjöld til þessa málaflokks hækka í heild um 15,2 milljarða króna milli ára. Hækkun vegna fræðslumála nam 2,6 milljörðum króna. Þar af hækka greiðslur til framhalds- og sérskóla um 1.200 m.kr. eða 19%, sem m.a. skýrist af viðbótaryfirvinnu eftir lok verkfalls framhaldsskólakennara, auk launahækkana í kjölfar kjarasamnings. Af einstökum málum munar mestu um 400 m.kr. hækkun greiðslna til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þá hækka greiðslur til Háskóla Íslands um 330 m.kr. Loks hækka greiðslur vegna menningarmála um tæpar 500 m.kr. milli ára.

Framlög til heilbrigðismála nema 45,3 milljörðum króna og hækka um 4,9 milljarða króna. Þar munar mestu um rekstrarframlög til sjúkrastofnana sem hækka um 2,9 milljarða króna, eða 13,4% milli ára. Þar af eru 2,1 milljarður hjá stóru sjúkrahúsum í Reykjavík og á Akureyri. Hlutfallslega er þó mesta hækkunin hjá öldrunar- og endurhæfingastofnunum, 1,5 milljarðar króna, eða 23,8%. Er það að mestu í samræmi við áætlanir fjárlaga þar sem ný hjúkrunarheimili bættust við á tímabilinu, auk þess sem daggjöld hækka og greiðslur færast meira yfir á fyrri hluta ársins.

Greiðslur almannatrygginga hækka um 6,2 milljarða, eða 21,4%. Greiðslur vegna lífeyristrygginga og bóta skv. lögum um félagslega aðstoð hækka um 2,9 milljarða milli ára. Þar munar mestu um áður greinda 1.300 m.kr. greiðslu vegna dóms Hæstaréttar í málefnum öryrkja, auk breytinga á lögum um almannatryggingar sem leiða til hækkunar. Ný lög um fæðingarorlof hafa leitt til 2.040 m.kr. greiðslu það sem af er árinu. Greiðslur til Atvinnuleysisstryggingasjóðs hækka um 220 m.kr. milli ára.

Atvinnumál. Útgjöld til atvinnumála hækka samtals um 4,2 milljarða króna, sem er 16,9% hækkun frá því í fyrra. Greiðslur til samgöngumála hækka um 1,6 milljarða króna. Þar af er 1,1 milljarðs króna. hækkun til Vegagerðarinnar og tæplega 600 m.kr. til Siglingastofnunar. Hækkunirnar eru í samræmi við vega- og

hafnaáætlanir. Greiðslur landbúnaðarmála hækka einnig um 1,6 milljarða. Af einstökum tilefnum munar mestu um uppkaup ríkisins á fullvirðisrétti bænda, en 800 m.kr. eingreiðsla fór til þess verkefnis í ársbyrjun. Þá eru greiðslur Jarðasjóðs um 150 m.kr. hærri en á sama tíma í fyrra.

Vaxtagreiðslur hækka um 1,2 milljarða króna, eða 8,4%. Mestu munar um áhrif gengislækkunar krónunnar, en vaxtagjöld vegna erlendar lántöku hækka um 1,7 milljarða króna. Greiðslur vaxta vegna spariskírteina lækka hins vegar ½ milljarð milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 2,7 milljarða króna milli ára, eða 46,3% að mestu vegna tveggja tilefna. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka um 1,8 milljarða og greiðslur uppóta á lífeyri sem renna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hækka um rúmar 700 m.kr.

Lánahreyfingar

Fjármunahreyfingar voru neikvæðar um 0,9 milljarða króna fyrstu tíu mánuði ársins, en á sama tíma í fyrra voru þær neikvæðar um 0,5 milljarða króna.

Afborganir lána ríkissjóðs námu 22,7 milljörðum króna og eru að stærstum hluta vegna erlendra lána. Í febrúar var á innlausn flokkur spariskírteina frá árinu 1990 og hafa bréf í þeim flokki verið innleyst fyrir um 9 milljarða króna að innlausnarvirði, en þar af voru afborganir 5 milljarðar. Auk þess hafa spariskírteini verið forinnleyst úr þremur spariskírteinaflokkum fyrir 4 milljarða króna að innlausnarvirði. Þar af nema afborganir 2,4 milljörðum. Uppkaup með þessum hætti beinast að þeim flokkum spariskírteina sem ekki eru nægilega seljanlegir á eftirmarkaði eða stutt eftir að gjalddaga þeirra.

Ákveðið hefur verið að ráðstafa hluta lánsfjárfgangs ríkissjóðs til greiðslu lífeyrisskuldbindinga hans hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Greiðslur til sjóðsins námu 11,3 milljörðum króna samanborið við 5 milljarða í fyrra.

Lántökur ríkisins námu um 64,1 milljarði króna. Þar af voru erlendar lántökur 51,8 milljarðar, en um 26,8 milljarða króna lán var tekið í október til þess að styrkja erlenda stöðu Seðlabankans auk þess að leggja bankanum til aukið stofnfé í samræmi við ný lög um Seðlabanka Íslands er gera ráð fyrir eflingu eiginfjárstöðu hans. Önnur erlend lántaka hefur að stærstum hluta runnið til endurfjármögnunar erlendra skulda. Það sem af er árinu hefur stofn ríkisvixla stækkað um 6 milljarða króna, auk þess sem seld hafa verið ríkisbréf í nýjum 6 ára flokki fyrir um 6,1 milljarð króna.